

105 ast það eptir föngum; allan kostnað til óskilafjár skal borga í bráð af sveitar-sjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann.

46. gr.

Ef eigi spyrjast upp eigendur að óskilafje fyrir Marteinsmessu skal hreppstjóri selja það með reglulegu uppboði eptir fyrirmælum hreppsnefndar. Þó skal í uppboðsskilmálum hafa þann fyrirvara, að hinn fyrri eigandi geti fengið aptur kindur sínar, ef hann fyrir nýjár sannar, að hann ekki í neinu hafi vanrækt skyldu sína með mark sitt og lýsingu þess, eptir þessarar reglu-gjörðar II. kafla.

Drepist óskilakind á tímabilinu frá uppboði til nýjárs, verður það skaði markeiganda, ef uppspyrst, eða þá hreppssjóðs, nema handvömm sje um að kenna.

47. gr.

Mörk og einkenni á óskilafje því, sem selt var í hreppnum, sendir odd-viti sýslumanni fyrir nýjár ár hvert, en hann annast um að það verði birt í ein-hverju dagblaði, gegn borgun úr sýslusjóði.

X. Um sektir.

48. gr.

Fyrir brot gegn reglugjörð þessari koma sektir frá 1 til 100 krónur, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum; má uppljóstarmaður, ef nokkur er, hljóta allt að því helming sektafjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

49. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd, og skal meðfarið, sem fyrir er mælt í 38. grein tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Amtsráð Austuramtsins, 4. dag júlím. 1892.

J. Havsteen.

Einar Jónsson.

Sigurður Einarsson.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 5.—6. júlí 1892.

Ar 1892 hinn 4. dag júlímánaðar átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru mættir hinn setti amtmaður í Suðuramtinu, assessor Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangár-vallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnessýslu, Ísleifur prestur Gíslason, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórður hreppstjóri Guð-mundsson á Neðra-Hálsi, amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, Guðmundur pró-fastur Helgason. Amtsráðsmaður Austur-Skaptafellssýslu, Þorgrímur læknir Þórðarson, var ekki mættur og hafði engin forföll tilkynnt.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

106

1. Forseti lagði fram skýrslu hlutaðeigandi sýslumanna um kosningar hinna nýju amtsráðsmanna og varaamtsráðsmanna og voru þær rannsakaðar og samþykktar.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1891 með fylgiskjöllum.
3. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1891, með fylgiskjöllum.
4. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir árið 1891.
5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgos-sjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1891. Endurskoðun jafnaðarsjóðsreikningsins var falin sýslumanni Páli Briem og hreppstjóra Þórði Guðmundssyni; en endurskoðun hinna þriggja reikninganna, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og Ísleifi presti Gíslasyni.
6. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a, Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1891.
 - b, — — Vestur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár.
 - c, — — Rangárvallasýslu fyrir sama ár.
 - d, — — Vestmannaeyjasýslu fyrir sama ár.
 - e, — — Árnessýslu fyrir sama ár.
 - f, — — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sama ár.
 - g, — — Borgarfjarðarsýslu fyrir sama ár.

Endurskoðun reikninganna fyrir Borgarfjarðar- og Rangárvallasýslur var falin sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og Ísleifi presti Gíslasyni, reikninganna fyrir Árness- og Skaptafellssýslur sýslumanni Páli Briem og Þórði hreppstjóra Guðmundssyni og reikninganna fyrir Vestmannaeyja- og Gullbringu- og Kjósarsýslur forseta og Guðmundi prófasti Helgasyni.

7. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna:
 - a, í Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 11. apríl 1892. Fannst ekkert athugavert við þær.
 - b, í Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 29.—30. marz 1892. Fannst ekkert athugavert við þær.
 - c, í Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 7. okt. 1891, fundargjörðir 21. jan. 1892. Við þær athugast, að þar sem sýslunefndin hefur ákveðið, að almennt skuli lóð undir tómthús eigi minni vera en 350 □ faðmar, en að þetta skuli nægja, þá kemur slík ákvörðun í bága við lög nr. 1, 12. jan. 1888. Fundargjörðir 28. marz 1892, við þær og hinar fyrstgreindu fundargjörðir fannst ekkert athugavert.
 - d, í Rangárvallasýslu, fundargjörðir 17. okt. 1891, fundargjörðir 25.—27. apríl 1892. Við hinar fyrri fannst ekkert athugavert; við hinar síðari athugast, að þar sem sýslunefndin undir tölul. 27 hefur ákveðið, að bera

það undir hreppsnefndirnar, hvort eigi mundi heppilegt að veita hrepps-búum rjett til, þegar kýr drepast fyrir ófyrirsjáanleg óhöpp, að fá endurgoldinn helming verðs þeirra úr sveitarsjóði, og þar sem hún enn fremur hefur látið í ljósi, að hún mundi samþykkja slík útgjöld sveitar-sjóðanna, þá álitur amtsráðið, að þessi ályktun sýslunefndarinnar sje ólögmæt.

e, í Árnessýslu, fundargjörðir, 15.—16. marz 1892. Við þær athugast, að ákvörðun sýslunefndarinnar undir tölul. 42 um veiðitímann í Litlu-Laxá fellist úr gildi af amtsráðinu, sem komandi í bága við 1. gr. í lögum nr. 5, 19. febr. 1886.

f, í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 30. október 1891 og fundar-gjörðir 23. maí 1892. Við þær fannst ekkert athugavert.

g, í Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 28.—29. marz 1892. Við þær fannst ekkert athugavert.

8. Forseti lagði fram beiðni frá sýslunefnd Árnessýslu um, að vegurinn frá Þorlákshöfn út í Selvog verði gjörður að sýsluvegi, en samhliða sýsluvegur, sem nú er, leggst niður. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.

9. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 5. marz þ. á., til amtmanns-ins í Suðuramtinu, þar sem hann leggur fyrir hann, að útvega tillögur amtsráðsins um, hvernig verja skuli styrk þeim, sem þetta ár og 2 hin næstu eigi að hlotnast Suðuramtinu af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur. Með því að amtsráðsmaðurinn fyrir Vestur-Skaptafellssýslu skýrði frá, að í ráði væri, að brúa Hólmsá við austanverðan Mýrdalssand, sem mikil umferð er yfir, en opt er ófær á vetrardag, á kostnað hlutaðeigandi hjerads, en fje mundi breyta til þess, og fór þess á leit, að þessum styrk væri varið til þessa fyrirtækis, — þá lagði amtsráðið það til í einu hljóði, að nefndum styrk verði um þessi 3 ár varið til að styrkja að brúargjörð á tjeða Hólmsá. (Framh.).

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 7. septbr. skipaði biskup settan prófast Ólaf Ólafsson í Saurbæjarþingum til að vera reglulegan prófast í Dala prófastsdæmi.

Hinn 28. septbr. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Diðrik Knud Ludvig Knudsen Þóróddstaðaprestakall* í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Staður í Grunnavík í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. Lán til kirkjubyggingar, að upphæð 1000 kr., tekið 1891 og 1892, er afborgast með 62 kr. 50 a. árlega í 16 ár auk vaxta, hvílir á prestakallinu, að því leyti sem tekjur kirkjunnar nægja ekki því til endurborgunar.

Mat: 1041,61; augl. 28. september.

HEIÐURSMERKI.

Hinn 27. septbr. var sögukennari við lærða skólann *Páll Melsted* af hans hátign konunginum sæmdur riddarakrossi dannebrogssorðunnar.

Skýrsla

106

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 5.—6. júlí 1892. Framh.

10. Var lagt fram brjef frá kvennaskóla-nefndinni í Reykjavík, dags. 4. f. m., sem fer þess á leit, að kvennskólanum verði veittur styrkur af jafnaðarsjóði suðuramtsins, eptir því sem amtsráðið sjái sjer frekast unnt, og fylgdi þessu brjefi reikningur skólans, skýrsla um skólann og einkunnartafla við síðasta vorpróf. Amtsráðið ákvað, að veita skólanum 100 kr. í ár af jafnaðarsjóði.
11. Forseti lagði fram bónarbrjef, dags. 13. f. m., frá Oddi prestí Gíslasyni um 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði til bjargráða framkvæmda. Amtsráðið veitti 100 kr. í þessu skyni.
12. Amtsráðið veitti 100 kr. styrk til sæluhúss-varðarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar. Þar sem amtsráðinu er kunnugt, að sæluhúsið á Kolviðarhóli bæði þarf bráðrar aðgjörðar og jafnframt stækkunar við, fól amtsráðið forseta sínum, að snúa sjer til landshöfðingjans með áskorun um, að landsstjórnin, samkvæmt lögum um vegi 10. nóv. 1887, 25. gr., gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til, að húsið verði hið bráðasta bæði endurbætt og stækkað á kostnað landssjóðs.
13. Sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafði á síðasta fundi sínum ályktað, uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins, að bjóða fram að leggja 1000 kr. til brúargjörðar á Flókadalsá, með því skilyrði, að landssjóður kosti brúna að öðru leyti. Gengi landssjóður eigi að þessu boði, hafði nefndin ályktað að bjóða fram 500 kr. til brúargjörðar á Hvítá á Kláffossi, móti því, að jafnt tillag komi frá Mýrasýslu og landssjóður kosti brúna að öðru leyti. Tilboð þessi eru enn fremur því skilyrði bundin, að brúargjörðin fram fari á þessu eða næsta ári. Hið framboðna fje skal, ef til kemur, greitt á þann hátt, að lán sje tekið uppá vegasjóð sýslunnar og afborgað af árstekjum hans með 100 kr. á ári. Amtsráðið veitti leyfi sitt til lántöku þessarar og fól forseta að beina því til landshöfðingja með meðmælum sínum.
14. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hafði leitað samþykkis amtsráðsins til þess að taka 500 kr. lán í landsbankanum í viðbót við lán það, er hún hefur áður tekið í bankanum til þess að greiða Birni búfræðing Bjarnarsyni eptir stöðvar af kaupverði Hvanneyrar, og greiða af hinu sameinaða láni 100 kr. árlega. Amtsráðið veitti leyfi sitt til þessa.
15. Endurskoðendur jafnaðarsjóðsreikningsins, er kosnir voru daginn fyrir lögðu fram reikninginn, og hreifðu nokkrum athugasemdum, og þótti amtsráðinu af þeim að eins athugavert, hvort gjald fyrir bólusetningar í Reykjavík að rjettu lagi bæri að greiða úr jafnaðarsjóði.
16. Hinir kosnu endurskoðendur búnaðarskólasjóðsreikningsins lögðu fram reikninginn og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur af amtsráðinu.
17. Hinir sömu lögðu fram leiguliðasjóðsreikninginn, og var hann einnig eptir tillögum þeirra samþykktur af amtsráðinu. Framh.

7. dag nóvembermán. 1892.

20. **Árnessýslupóstarnir** eru fjórir:

- a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd* í *Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Úlfjótssvatni* í *Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.
- b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Arnarbæli* í *Grímsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
- c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
- d. Hinn fjórði fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 29. október 1892.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinuð.—6. júlí 1892. Framh.

18. Enn lögðu hinir sömu fram eldgoss-sjóðsreikninginn og var hann samþykktur af amtsráðinu.
19. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Austur-Skaptafellssýslu fyrir 1891 lögðu fram reikninginn, og samkvæmt tillögum þeirra og eptir að amtsráðið í heild sinni hafði rannsakað hann, athugaði það það eitt, að rjettara væri, að tilfæra í reikningnum einnig þann helming sýsluvegagjaldsins, sem lagður er til aðalpóstleidda, svo og að láta honum fylgja skýrslu um útborgun tjeðs helmings.
20. Hinir sömu lögðu fram sýslusjóðsreikning Vestur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár, og athugaði amtsráðið hið sama við hann, og ekki frekar.
21. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Rangárvallasýslu fyrir sama ár lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur af amtsráðinu.
22. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Árnessýslu fyrir sama ár lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur, þó með þeirri athugasemd, að framvegis beri að senda með sýsluvegareikningnum skrár hreppstjóranna yfir verkfæra menn í sýslunni.
23. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Vestmannaeyjasýslu fyrir sama ár lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur af amtsráðinu.
24. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sama ár lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur með þessum athugasemdum: Við tekjulið I: Sýsluvegagjaldið er á reikningnum talið 2021 kr. 82 a., en á eptir fylgiskjölunum að vera 2030 kr. 23 a.: mismunurinn 8 kr. 41 færist til tekna á næsta reikningi. — Við gjaldlið I:

106

Engin grein er gjörð fyrir því, hvernig varið hefur verið 100 kr., er veittar hafa verið til sýsluvegagjörðar í Rosmhvalanesshreppi. Enn fremur athugast, að engar bætur á sýsluvegunum hafa verið teknar út, og er það sjer-staklega óheppilegt að því er snertir vegabót á Kúagerðisbrúnni, er varið hefur verið til 906 kr. 33 aenum.

25. Endurskoðendur sýslusjóðs- og sýsluvegareiknings Borgarfjarðarsýslu fyrir sama ár lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur með þessum athugasemdum: 1. 91 kr. 54 a., eptirstöðvar af fjárkláðakostnaði, ber að innheimta, samkvæmt yfirlýsingu reikningshaldara. 2. Fylgiskjal nr. 20, kvittun fyrir hálfum yfirsetukonulaunum, ber að senda. 3. Sú venja, sem virðist eiga sjer stað í þessari sýslu, að hreppsnefndum sje að nokkru leyti leyft að greiða sýsluvegagjaldið í vinnu, getur eigi staðizt samkvæmt vegalögunum og auk þess hefur reynslan sýnt, að þessi venja hefur mjög skaðlegar afleiðingar, bæði til að safna skuldum á hreppana og hefur orðið sýsluvegasjóðum að fjártjóni beinlinis. Amtsráðið væntir þess að reikningshaldari innheimti hinar útistandandi skuldir og framvegis hið árlega sýsluvegagjald í peningum á manntalsþingum eptir fyrirmælum laganna.

26. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1893, svo látandi:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1892	1000,00
2. Niðurjöfnun	2800,00
	3800,00

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	800,00
2. — ferðakostnaðar	200,00
3. — kennslu heyrnar og málleysingja	300,00
4. — sáttamálefna	100,00
5. — kostnaður við amtsráðið	700,00
6. — Ýmisleg gjöld	700,00
7. — Eptirstöðvar	1000,00
	3800,00

27. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 31. desbr. f. á., þar sem hann, samkvæmt áskorun alþingis, leggur fyrir amtmanninn, að leita álita allra sýslunefnda í amtinu um sameining hinna núverandi búnaðarskóla, og að fengnum álitsskjölum sýslunefndanna um málið, þá að leggja þau fyrir amtsráðið til álits og umsagnar, og síðan senda álitsskjöl sýslunefndanna og amtsráðanna svo tímanlega, að þau getið orðið lögð fyrir næsta alþingi. Amtsráðið ákvað, að fresta til næsta reglulegs amtsráðsfundar að segja álit sitt um þetta mál, með því að álit vantar um það frá einni sýslunefnd í amtinu, enda er samkvæmt landshöfðingjabrjefinu nægilega tímanlegt, að útkljá málið á næsta fundi amtsráðsins. Amtsráðið fól forseta að

krefja hlutaðeigandi sýslunefnd (o: Gullbringu- og Kjósarsýslu) um hið **106**
vantandi álit.

28. Þá var í amtsráðinu borin upp svo hljóðandi tillaga: Amtsráðið felur forseta að brýna fyrir lögreglustjórum, að láta fram fara almenna rannsókn á fje nú í haust, einkum á markaðsfje, og að kveðja þar til hæfa menn í hverjum hreppi, þar sem fjárrjett er eða markaður er haldinn, hreppstjórum til aðstoðar við slíka rannsókn. Amtsráðinu þykir enn fremur nauðsynlegt að eptirlit sje haft með útflutningi á fje, og felur því forseta á hendur, að leggja fyrir lögreglustjóra í verzlunarstöðum þeim í amtinu, þar sem fjenu er skipað út, að kveðja til hæfilega marga menn til þess að skoða hverja sauðkind, sem ætluð er til útflutnings, og taka frá þær sauðkindur, sem varúðarvert er að flytja út, og ákveður, að veita þessum mönnum sanngjarna þóknun úr jafnaðarsjóði fyrir starf sitt.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði, og forseta jafnframt falið, að fara þess á leit við amtsráðin í hinum ömtunum, að samskonar ráðstafanir verði gjörðar þar.

29. Forseti lagði fram brjef landhöfðingja, dags. 1. febr. þ. á., þar sem hann skorar á amtmanninn að leita álits sýslunefndanna í báðum Skaptafells-sýslunum og Rangárvallasýslu um sameiningu Austur-Skaptafellssýslu við austuramtið á þann hátt, að 3 nyrðstu hrepparnir í Suður-Múlasýslu væru lagðir undir Norður-Múlasýslu, Austur-Skaptafellssýsla sameinuð við hinn hluta Suður-Múlasýslu og Vestur-Skaptafellssýsla við Rangárvallasýslu, — bera síðan tillögur sýslunefndanna upp fyrir amtsráðinu og senda síðan álitsskjöl sýslunefnda og amtsráðs, ásamt með ummælum amtmannsins sjálfs. Álitsskjöl voru framlögð bæði frá hinum 3 hlutaðeigandi sýslunefndum og hlutaðeigandi sýslumönnum. Sýslunefnd Austur-Skaptafellssýslu leggur til, að sú sýsla sje sameinuð Suður-Múlasýslu á þann hátt, sem tekið er fram í brjefi landshöfðingja, þó þannig, að sýslan haldi sjer eptirleiðis sem sjerstakt sýslufjelag með sjerstakri sýslunefnd, sjerstakri verðlagsskrá o. s. frv., og bústaður sýslumannsins sje settur í Álptafirði, eða ekki austar en á Djúpavogi. Sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu leggur það eindregið til, að Austur-Skaptafellssýsla sje sameinuð við Suður-Múlasýslu, en telur það mjög miklum erfiðleikum bundið, að sameina Vestur-Skaptafellssýslu við Rangárvallasýslu, þótt það sje ekki með öllu ókleyft, og leggur því til, að Vestur-Skaptafellssýsla sje framvegis lögsagnarumdæmi sjer, og að jafnframt sje umboðssýslan þjóðjarða í Vestur-Skaptafellssýslu fengin sýslumanni í hendur. Sýslunefnd Rangárvallasýslu kemur fram með hjer um bil samhljóða tillögu þeirri, er kemur frá sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu. — Sýslumennirnir í þessum sýslum hafa ritað álitsskjöl, samhljóða álitu sýslunefndanna í sýslum þeirra.

Eptir nokkrar umræður um málið samþykkti amtsráðið, að láta það álit í ljósi, 1., að það sje ráðlegt, að leggja Austur-Skaptafellssýslu undir Austuramtið, að því er sveitarstjórn snertir. 2., að það sje tiltækilegt, að

sameina Austur-Skaptafellssýslu við Suður-Múlasýslu í umboðslegu tilliti með þeirri breytingu á Suður-Múlasýslu að öðru leyti, sem bent er á í bræfi landshöfðingja. 3., að eigi sje ráðlegt, eins og nú stendur, að sameina Vestur-Skaptafellssýslu við Rangárvallasýslu. 4., að samkvæmt þessu verði Vestur-Skaptafellssýsla lögsagnarumdæmi sjer, þannig, að Þykkvabæjar-klaustur- og Kirkjubæjarklausturs-umboð verði sameinað við sýslumanns-embættið í þeirri sýslu og launin ákveðin með tilliti til þess. Álitur amtsráðið, að með þessu móti muni hin fyrirhugaða breyting ekki þurfa að hafa neinn sjerstakan kostnað fyrir landssjóð í för með sjer.

30. Voru lagðar fram ýmsar skýrslur og reikningar viðvikjandi Hvanneyrar-skólanum, lesin upp skýrsla skólanefndarinnar og skýrsla hins setta skólastjóra. Við rannsókn á fjárhag skólans komst amtsráðið að þeirri niðurstöðu, eptir þeim ófullkomnu upplýsingum, sem fyrir hendi voru, að inneign Sveins sál. Sveinssonar skólastjóra í skólabúinu muni ekki fara fram úr 1000 kr. Að öðru leyti fól amtsráðið forseta, ásamt skólanefndinni, að gjöra reikning skólans og skólabúsins, svo ýtarlegan sem unnt væri, frá stofnun skólans árið 1889 til fardaga 1892, og leggja hann fyrir næsta amtsráðsfund, með því að hinar framlögðu reikningsskýrslur ekki þóttu fullnægjandi. Var þá rætt um peningabörf skólans og athugað, að eigi mundi unnt að inna af hendi nauðsynleg útgjöld, bæði til aukningar á bústofni, greiðslu á áföllnum skuldum og undirbúnings á næstkomandi hausti til endurbyggingar kirkjunni, nema því að eins að tekið sje verulegt lán í þessu skyni.

Amtsráðið samþykkti, að fela forseta, að útvega á þessu sumri samþykki landshöfðingja til þess að taka allt að 4000 kr. láni í þessu skyni, og setja veð fyrir því í skuldabréfum búnaðarskólasjóðsins. Þegar Sveinn sál. Sveinsson fjell frá, setti amtmáður aðstoðarkennara við skólann, Ólaf Jónsson, til þess að veita skólanum og skólabúinu forstöðu, þangað til amtsráðið kæmi saman. — Nú er nefndur Ólafur mættur fyrir amtsráðinu, og samdist svo milli hans og amtsráðsins, að hann tekur að sjer sem settur, forstöðu skólans og skólabúsins, fyrst um sinn þangað til amtsráðið kemur saman næsta ár, með 800 kr. launum um árið, og tiltölulega sömu launum fyrir þann tíma, sem liðinn er síðan Sveinn sál. fjell frá, auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu. Amtsráðið samþykkti, að heimilt væri skólanefndinni að ráða aðstoðarkennara við skólann fyrir næsta vetur, ef þess álitist þörf sökum mannfjölda, með allt að 100 kr. launum.

Var þá aptur vakið máls á ofanumræddri lántöku í þarfir Hvanneyrar-skólans og vill ráðið taka það fram, að ef mögulegt skyldi vera, að fá lán úr landssjóði (viðlagasjóði) veðsetningarlaust og þannig, að það ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% afborgun, þá skuli reyna að fá þessa lántökukosti, og ef þeir fáist, skuli taka allt að því 10,000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að inna af hendi hinn nauðsynlega kostnað, sem nefndur er að ofan, þó svo, að fyrst og fremst sje innleyst landsbankalánið, ef svona stórt viðlagasjóðslán

skyldi fást. Forseta var falið, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni. **106**

Að því búnu var fundarbókin upplestin og samþykkt, og var síðan fundi slitið.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 14. september 1892.

Kristján Jónsson,
settur.

Skýrsla

108

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 16. til 18. júlí 1892.

Árið 1892, hinn 16. júlímán. átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi.

Á fundinum mættu forseti amtsráðsins, settur amtmaður, yfirdómari Kristján Jónsson og amtsráðsmennirnir Ásgeir Bjarnason, Guðmundur Guðmundsson, Davíð Sch. Thorsteinsson, Sigurður Jónsson, Skúli Thoroddsen, Torfi Bjarnason og Páll Ólafsson. Skrifari amtsráðsins var kosinn Páll Ólafsson. Eptirfylgjandi málefni voru tekin fyrir á fundinum:

1. Forseti lagði fram kjörbrjef amtsráðsmannanna; voru þau athuguð og tekin gild.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1891. Reikningurinn var afhentur Skúla Thoroddsen og Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
3. Forseti lagði fram reikninga búnaðarsjóðs og búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1891. Voru reikningarnir afhentir Sigurði Jónssyni og Guðmundi Guðmundssyni til endurskoðunar.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins 1891. Reikningurinn var afhentur Páli Ólafssyni til endurskoðunar.
5. Forseti lagði fram þessa sýslusjóðsreikninga:
 - a) fyrir Mýrasýslu 1890 og 1891. Þessir reikningar voru afhentir Skúla Thoroddsen og Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
 - b) fyrir Austur-Barðastrandarsýslu 1890, og
 - c) — Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu 1891. Þessir reikningar voru afhentir Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Ólafssyni til endurskoðunar.
 - d) fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1891, og
 - e) — Ísafjardarsýslu 1891. Þessir reikningar voru afhentir Davíð Scheving og Guðm. Guðmundssyni til endurskoðunar.
 - f) fyrir Dalasýslu 1891, og
 - g) — Strandasýslu 1891. Þessa reikninga tók Sigurður Jónsson til endurskoðunar ásamt forseta amtsráðsins.
6. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna 1891—1892.
 - a) Strandasýslu 3.—5. marz 1892.
 - b) Ísafjardarsýslu 27. októbr. 1891 og 3.—7. marz 1892.